

Föstudaginn 2. mars 1984.

Nr. 20/1982. **Iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins
og Rafmagnsveitna ríkisins og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Árni Kolbeinson hdl.)

gegn

Samvinnutryggingum g/t

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Skaðabætur. Vátrygging. Endurheimtukrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hall-
dór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson og
Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunar-
stefnu 20. janúar 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. desember 1981.
Þeir krefjast staðfestingar á ákvæði héraðsdóms að því er varðar
iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins, en sýknu af kröf-
um á hendur iðnaðarráðherra vegna Rafmagnsveitna ríkisins og
fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs og málskostnaðar í héraði og
fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Til vara krefjast þeir lækunar
á dæmdri fjárhæð og að málskostnaður verði látinn niður falla fyrir
báðum dómum.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og
að áfrýjendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæsta-
rétti.

Leitt hefur verið í ljós, að símalína, sem tengd var húsinu Kirkju-
læk I, var spennuhafa af því, að rafmagnsheimtaug að Kirkjulæk
II hafði lagst á hana. Eru svo yfirgnæfandi líkur til þess, að þetta
hafi valdið því, að eldur kom upp í húsinu Kirkjulæk I, að við það
verður miðað, enda ekkert, sem bendir til, að eldsupptök hafi verið
önnur.

Orsök þess, að línurnar snertust, var sú, að stag úr hornstaur,
er bar uppi heimtaugina, hafði slitnað og staurinn hallast, en við
það hafði slaknað svo á heimtauginni, að hún snerti símalínuna,
sem lá neðar. Ekkert er fram komið, er sýni fram á, að stagi þessu
né umbúnaði stausins að öðru leyti hafi verið áfátt né heldur að
starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins hafi verið tilkynnt um óhapp

þetta eða þeir fengið vitneskju um það með öðrum hætti. Verður bótaábyrgð eigi lögð á áfrýjendur vegna neins konar vanrækslu starfsmanna Rafmagnsveitnanna að þessu leyti.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ófullkominn búnaður heimtaugarinnar, þar sem hún þveraði símalínuna, hafi átt þátt í því, að línurnar snertust og símalínan varð spennuhafa. Enn fremur er á því byggt, að tjón áfrýjanda verði rakið til þess, að eigi hafi verið haft nægilegt eftirlit með rafmagnsheimtauginni, og misbrestur hafi orðið á viðhaldi hennar og endurnýjun.

Ósannað þykir, að umbúnaður heimtaugarinnar hafi í öndverðu verið andstæður 85. gr. reglugerðar um raforkuvirki nr. 61/1933, sbr. nú reglugerð nr. 264/1971, 315. gr., k.2.1. Í matsgerð sinni segja hinir dómkvöddu matsmenn, að eigi verði færð nein rök að því, að uppsetning staura og lína hafi verið háttað öðru vísi en almennt er, og ekki verði talið, „að frágangi þessa hafi fylgt sérstök og/eða mikil slysaætta fyrir menn, skepnur og eignir“.

Svo sem fram kemur í matsgerðinni, reyndist einangrun sú, sem verið hafði á heimtauginni, að mestu leyti veðruð af. Síðast er vitað til þess með vissu, að eftirlitsmaður Rafmagnsveitna ríkisins skoðaði heimtaug þessa hinn 5. júní 1975. Telur hann, að þá hafi ekkert verið að athuga við heimtaugina. Hefur því ekki verið hnekkkt. Svo sem fram kemur í gögnum málsins, hafði heimtaugin slitnað og verið skeytt saman. Ekki er vitað með vissu, hvenær það gerðist, en Eggert Pálsson giskar á, að það hafi verið að minnsta kosti 2 árum áður en bruninn varð. Skeyting línunnar var andstæð 315. gr. k.2.12., reglugerðar nr. 264/1971, er segir, að vírar lágspennulínu yfir síma meggi ekki vera með samskeytum, en eigi verður séð, að skeyting þessi hafi getað átt neinn þátt í, að línurnar snertust. Þá þykir eigi vera sannað, að starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins hafi skeytt línuna saman og þannig mátt sjá, að umbúnaður heimtaugarinnar var eigi lengur á þann veg, sem reglur mæltu fyrir, né heldur að þeim hafi með öðrum hætti verið kunnugt um ástand hennar.

Samkvæmt þessu þykir það eigi verða rakið til neins konar vanrækslu af hálfu starfsmanna Rafmagnsveitnanna, að símalínan varð spennuhafa og eldur kom upp í húsinu að Kirkjulæk I. Ber því að sýkna áfrýjendur af öllum kröfum stefnda í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjendum 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Samvinnu-trygginga g/t, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjendum 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og
Björns Þ. Guðmundssonar prófessors.**

I.

Engir þeir annmarkar eru á hinum áfrýjaða dómi, sem standi því í vegi, að staðfest verði niðurstaða hans um, að hrundið sé fébóta-kröfum stefnda að því leyti sem þær eru reistar á vanrækslu starfsmanna Rafmangseftirlits ríkisins.

II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms má fallast á niðurstöðu hans um orsök eldsvoðans, þar á meðal um það, að snerting rafmagnsheimtaugar að Kirkjulæk II við símalínu að Kirkjulæk I hafi stafað af slaka á heimtauginni vegna skekkju á hornstaur hennar, eftir að teinn í stagi, sem við hann hélt, hafði brotnað. Þá þykir og mega leggja til grundvallar, svo sem héraðsdómur hefur gert, þá frásögn Eggerts Pálssonar, sem styrkt er af álitni hinna dómkvöddu matsmanna, að viðgerð á rafmagnsheimtauginni nálægt tveimur árum fyrir brunann hafi verið leyst af hendi af starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins, þó að ekki sé í ljós leitt, hverjir þeir voru.

Ekkert er komið fram í málinu, sem hnekkir því álitni hinna sérfróðu meðdómenda í héraði, að trosnun á einangrun heimtaugarinnar, sem staðreynd var af Jóni Gamalielssyni, starfsmanni Raf-

magnseftirlits ríkisins, svo og hinum dómkvöddu matsmönnum, hafi verið orðin svo áberandi, þegar áðurgreind viðgerð fór fram að viðgerðarmenn hefðu átt að verða hennar varir.

Við það verður að miða með hliðsjón af álitsgerð hinna dómkvöddu manna, að hæðarbil milli símalínunnar og rafmagnsheimtaugarinnar hafi verið minni en krafist er í reglugerð nr. 264/1971, 315. gr. k) tl. 2.11 og 2.12, sbr. áður reglugerð nr. 61/1933, 85. gr. f). Bar Rafmagnsveitum ríkisins því samkvæmt niðurlagsákvæði 315. gr. greinar k) tl. 2.12 að endurnýja heimtaugina, eftir að bilun á einangrun hennar kom í ljós. Mátti þetta því síður dragast úr hömlu sem viðgerðin á heimtauginni hafði verið í því fólgin að skeyta í hana óeinangruðum línubút, en það fullnægði ekki þeim öryggiskröfum, sem gerðar eru í síðast greindu reglugerðarákvæði. Samkvæmt þessu verður eldsvoðinn á Kirkjulæk I rakinn til vanrækslu af hálfu starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins á nauðsynlegu viðhaldi rafmagnsheimtaugarinnar að Kirkjulæk II. Bera þær því skaðabótaábyrgð á brunatjóni því, sem af hlaust.

Ósannað er, að stagteinninn í hornstaur rafmagnsheimtaugarinnar hafi brotnað af völdum þeirra manna, sem fyrir tjóni urðu við brunann, eða með þeim atvikum annars, að þeir eigi að bera tjón sitt sjálfir að öllu eða nokkru leyti. Einnig má fallast á það með héraðsdómi, að ekki verði til þess ætlast, að heimamenn á Kirkjulæk gerðu sér grein fyrir því, að einangrunin á heimtauginni væri orðin svo veðruð að ekki var viðhlítandi.

Með greiðslu vátryggingarbóta til þeirra, er fyrir tjóni urðu við brunann, öðlaðist stefndi rétt þeirra til skaðabóta úr hendi Rafmagnsveitna ríkisins að svo miklu leyti sem þeir fengu tjón sitt bætt með þeim greiðslum, sbr. lög nr. 20/1954, 25. gr., 1. mgr., 1. ml.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti var því hreyft, að vátryggingarbætur stefnda til eigenda hinna vátryggðu hagsmuna hefðu numið hærri fjárhæð en tjóni þeirra af eldsvoðanum. Ekki sést, að þessu hafi verið haldið fram fyrir héraðsdómi. Er málsvörn þessi of seint fram komin fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr laga nr. 75/1973.

Rafmagnsveitur ríkisins er aðili, sem eðlilegt er að gera kröfur til um varkárni og öruggan búnað með hliðsjón af þeirri hættu, sem samfara er starfsemi hans. Þegar þetta er haft í huga og aðstæður þessa stefnda að öðru leyti, eru ekki efni til að lækka skaða-

bótaábyrgð hans samkvæmt lögum nr. 20/1954, 25. gr., 1. mgr., 2. ml., umfram það, sem héraðsdómur hefur gert, en málinu er ekki gagnáfrýjað.

Málsókninni er réttilega beint að Rafmagnsveitum ríkisins, sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, er lýtur í stjórn-sýslu umsjón og yfirstjórn iðnaðarráðherra, sbr. 55. gr. orkulaga nr. 58/1967 og 8. gr. auglýsingar nr. 96/1969, og andmæli varðandi málsaðild hafa engin verið uppi höfð.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að staðfesta beri hinn áfrýj-aða dóm og dæma áfrýjendur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir kröfu stefndu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. f.m., hafa Samvinnutryggingar g/t hér í borg höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 27. október 1980, á hendur iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins og fjarmálaráðherra vegna rikissjóðs til endur-greiðslu brunatryggingarbóta að fjárhæð kr. 7.154.075 með 27% ársvöxtum frá 11. október 1979 til 1. desember s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 6. nóvember s.á. og með dómvöxtum, hæstu innlánsvöxtum, frá þeim degi til greiðslu-dags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og verði þá tekið fullt tillit til matskostnaðar, kr. 807.080, og ferða-kostnaðar, kr. 60.000. Við munnlegan flutning málsins var gerð breyting á fjárhæðum í dómkröfu stefnanda í samræmi við breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils og verða fjárhæðir í dómkröfu stefnanda þessar: höfuðstóll kr. 71.540.75, matskostnaður kr. 8.070.80 og ferðakostnaður kr. 600.00.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýkn-aðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð til mikilla muna og verði málskostnaður þá látinn falla niður.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig, að hinn 9. september 1979 hafi brunnið íbúðarhús að Kirkjulæk I í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvalla-sýslu ásamt innbúi, sem í húsinu var. Húsið og innbúið hafi verið vátryggt gegn brunatjóni hjá stefnanda. Hafi vátryggingartaki brunatryggingar verið dánarbú Brynjólfs Sigurðssonar. Við uppgjör tjónbóta hafi orðið sam-komulag um, að brunatjónið á húsinu næmi kr. 6.149.075, en kostnaður við að gera upp tjónið hafi numið kr. 5.000 og hafi heildargreiðsla vegna brunatjóns á húsinu numið kr. 6.154.075. Vátryggingartaki brunatrygg-

ingar fyrir innbúið hafi verið Bárður Sigurðsson. Tjón þetta hafi verið al-tjón og hafi öll váttryggingarfjárhæðin, kr. 1.000.000 verið greidd váttryggingartakanum. Stefnandi vilji nú á grundvelli ákvæða 1. mgr. 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 endurheimta tjónbæturnar úr hendi stefndu, þar sem tjónið megi rekja til vanrækslu starfsmanna Rafmagns-eftirlits ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins.

Verður nú gerð nánari grein fyrir málsatvikum.

Lögregla og slökkvilið var kvatt á vettvang er bruninn varð.

Guðjón Einarsson lögregluþjónn ritaði skýrslu um atburðinn, og er hún svohljóðandi:

„Sunnudaginn 9. sept. 1979 kl. 14:30 hringdi Sigríður Böðvarsdóttir á Kirkjulæk I í Fljótshlíð til lögreglunnar og tilkynnti um að eldur væri laus í mannlausu gömlu íbúðarhúsi þar á staðnum. Slökkviliðið á Hvolsvelli var þegar kallað út og einnig var starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins á Hvolsvelli tilkynnt um eldinn.

Undirritaður fór á staðinn á lögreglubifreiðinni L-3 og var kominn þangað skömmu áður en slökkviliðið kom á vettvang.

Íbúðarhús það sem eldur var í hefur verið mannlaust að undanfögnu en það mun vera í eigu erfingja dánarbúss Bárðar Sigurðssonar, sem lést á sl. vori en hafði búið í húsinu fram að því. Húsið er járnklætt timburhús ca. 60 ferm. að flatarmáli með talsverðu risi og hlaðinn kjallari er undir hluta þess. Rafmagn var á húsinu og sími, hvoru tveggja loftlínur.

Þegar undirritaður kom á staðinn var mikill eldur í húsinu og logaði út um vesturstafn þess. Mikinn reyk lagði af því yfir fjós og önnur utihús sem standa austan við húsið, en vindur var talsverður af vestri.

Á staðnum hitti ég Böðvar Brynjólfsson, bónda, sem kvað konu sína, Ólafíu Hafliðadóttur, fyrsta hafa orðið vara við eldinn, sem þá hafi verið í vesturenda hússins að ofanverðu. Hann kvað þá strax hafa verið hringt til þess að tilkynna um eldinn en farið sjálfur að hleypa kúnum út úr fjósinu, en þær voru inni vegna veðurs, en reyk lagði strax yfir fjósið.

Þegar slökkviliðið kom á staðinn voru strax lagðar slöngur í læk sem er rétt ausan við bæinn og var þar nægilegt vatn og dælt með tveim slöngum. Starfsmenn Rarik komu á staðinn og klipptu heimtaug frá húsinu.

Í Kirkjulækjarhverfið var lagður jarðsími á s.l. ári og loftlínu heimtaugar þá aflagðar með tilkomu sjálfvirks sambands. Þessar aflögðu heimtaugar símans hafa ekki verið teknar niður. Loftlína símans var tengd í vesturstafn hússins sem eldur var í. Starfsmenn Rarik klipptu línuna frá húsinu og var þá vart við að rafstraumur var á línunni. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að línur í loftinntaki rafmagns í hús Eggerts Pálssonar á Kirkjulæk 2 og símalínur sem lágu að hinu brennandi húsi lágu saman. Starfsmenn Rarik klipptu þar einnig niður símalínuna.

Eins og áður segir var eldurinn mestur í vesturenda hússins að ofanverðu þegar undirritaður kom á staðinn, en þar var inntakið frá símanum. Líklegt má telja að eldsupptök megi rekja til rafmagns frá símalínunni.

Slökkvistarf tók u.þ.b. eina klst. og var þá húsið að mestu brunnið og má ónýt teljast. Í húsinu var að sögn Böðvars allt innbú db. Bárðar Sigurðssonar og mun það allt hafa eyðilagst. Slökkviliðið mun hafa vakt á staðnum fram eftir kvöldi.

Hús og innbú mun vera tryggt hjá Samvinnutryggingum g.t.“

Í skýrslu, sem Sigríður Böðvardsdóttir gaf fyrir lögregluþjóninum, segir svo:

„Laust fyrir kl. 14:30 í gærdag var ég stödd inni í íbúðarhúsi okkar á Kirkjulæk. Þá kallar móðir mín til mín og segist sjá reyk leggja frá gamla íbúðarhúsinu og fór ég að glugganum og sá þá að reykur í húsinu (svo) að vestanverðu. Ég fór strax í símann og hringdi til lögreglunnar og bað um slökkviliðið. Síðan fór ég með föður mínum út í fjós til þess að láta kýrnar út en þær höfðu nýlega verið settar inn vegna rigningar. Mikinn reyk lagði fljótlega yfir fjósið og var hann farinn að berast inn í fjósið en okkur gekk vel að rýma það. Þegar þetta var búið sá ég að farið var að loga í gamla húsinu og fljótlega komst eldur út um vesturstafninn efst. Slökkviliðið kom á staðinn um um kl. 15:00“

Í skýrslu, sem Snorri Óskarsson, slökkviliðsstjóri á Hvolsvelli, gaf fyrir lögreglunn þar, segir svo:

„Kl. 14:30 var tilkynnt frá lögreglunni á Hvolsvelli um eldsvoða, að Kirkjulæk í Fljótshlíð. Kallaði ég út slökkviliðið á Hvolsvelli og var farið á staðinn á slökkvibífreiðinni L-1175, en á undan henni fóru tveir slökkviliðsmenn með lögreglunni. Þegar ég kom á staðinn var eldur farinn að loga út úr gluggum á gömlu íbúðarhúsi þarna á hlaðinu á Kirkjulæk 1. Um hálfa klst. tók að hefta aðal eldinn en við vorum á staðnum með menn fram á morgun. Meðan á slökkvistarfi stóð varð ég fyrir símalínu sem slitnaði úr vesturgafli hússins sem var að brenna. Þegar línan snerti öxl mína varð ég fyrir miklum straum úr símalínunni og datt við það á hnén og varð máttlaus um stund. Menn frá Rarik voru þarna á staðnum og voru þeir búnir að klippa á raflínu að húsinu og bað ég þá að klippa einnig á símalínuna sem þeir gerðu, en þeir sögðu mér að straumur á símalínunni hafi verið 220 volt. Vesturendinn var mun meira brunninn á húsinu heldur en aðrir hlutar þess, og tel ég að eldsupptök hafi verið þau að straumur sá er á símalínunni var hafi valdið íkveikju. Aðstaða til slökkvistarfs þarna var mjög góð, nóg vatn og vestan kaldí.“

Að beiðni stefnanda voru dómkvaddir menn til að skoða ummerki á brunastað og tjá sig um eftirfarandi atriði:

- „1. að gera ítarlega grein fyrir uppsetningu og fyrirkomulagi á síma- og raflínum við Kirkjulæk I og II.
2. að rannsaka sérstaklega, hvað hafi valdið því, að stag í raflínustaur við Kirkjulæk II slitnaði og hver afleiðing þess varð.
3. að gera grein fyrir hæð síma- og raflínu frá jörð og hvert bil var upphaflega á milli þessara lína, þar sem raflína lagðist ofan á símalínuna.
4. að gera grein fyrir því, hvort og þá að hverju leyti uppsetning og frágangi við staura og línur kunni að hafa verið háttað öðru vísi en almennt er og láti uppi álit á því, hvort frágangi þessa hafi fylgt sérstök og/eða mikil slysa og tjónshætta fyrir menn, skepnur og eignir.
5. að kanna sérstaklega orsakir eldsvoðans og greina frá þeim.“

Hinir dómkvöddu matsmenn, Guðmundur K. Steinbach og Sigurður G. Hailldórsson rafmagnsverkfræðingar skoðuðu aðstæður á vettvangi 30. september 1979 að viðstöddum fulltrúum aðilja málsins og fulltrúa Póst- og símamálastjórnarinnar. Sömdu þeir síðan matsgerð sína og luku henni 18. október sama ár. Í upphafi matsgerðarinnar gera matsmennirnir grein fyrir gögnum, sem aflað var til afnota við matið. Ekki þykir hér ástæða til að gera sérstaka grein fyrir efni skjala þessara að öðru leyti en því, að rétt þykir, að dóminum fylgi samsett afstöðumynd af húsi því, sem brann, merkt 310, svo og niðurstöður mælinga matsmannanna, sem fylgja afstöðumyndinni. Að öðru leyti er matsgerðin svohljóðandi:

„Skal hér fyrst getið athugunar og mælinga, sem framkvæmdar voru við vettvangskoðunina að viðstöddum áðurnefndum fulltrúum.

Mælingar voru gerðar á hæðum og fjarlægðum. Þær eru færðar inn á mælibleið með staðsetningu heimtauga, fylgiskjal nr. 5. Skal þeim nú lýst nánar. Mælistaðir eru merktir með bókstöfum á nefndu mælibleiði.

- a: Staur með slitna stiginu. Hæð frá jörðu í neðri vir heimtaugar 7.03 m.
- b: Þverunarstaður heimtaugarinnar og símalínu. Hér var mæld hæð upp í heimtaugina, neðri vir 5,43 m, þegar að var komið, með stiginu slitnu. Að því búnu settu starfsmenn RARIK bráðabirgðabúnað á stagfestu og strekktu stagið sem næst í upprunalega stöðu. Var þá hæð upp í heimtaug, neðri vir, mæld aftur og mældist 6,40 m. Þessi mæling var svo endurtekin og mældist þá 6.36 m. Slakað var niður á stiginu og mælt aftur upp í heimtaug, nú 5.45 m.
- c: Hæð í neðri heimtaugavir við húshlið mældist 6,60 m.
- d: Við þennan símastaur hafði starfsmaður RARIK klippt niður línuna, þegar í kviknaði. Hæð upp í línubúta mældist 5,85 m.
- e: Í þessum símastaur er stag slitnið.

- f: Yfir í næsta símastaur mældust 44,3 m.
 g: Hér er brotinn stagsteinninn í jörðu. Efri hluti þessa teins, ásamt strekkjara, er nú í vörzlu Rafmagnseftirlits ríkisins.
 h: Á þessum stað er heimtaug sett saman.
 i: Þá var mæld fjarlægð frá staur d að þverunarstað b = 6,80 m.

Þegar þessar mælingar voru gerðar var sunnan kaldi, hiti 10 stig skv. síðustu veðurlýsingu í útvarpi. Þá er þess að geta, að land er ekki lárétt þarna. Mælingar á hæðum voru allar gerðar frá yfirborði jarðar, en ekki færðar til sömu hæðar.

Ástæða þótti til að gera nokkrar mælingar á hæðum á landi og voru þær gerðar 13. október. Hér er um að ræða, að færa til samræmdrar hæðar, þær hæðir á taugum yfir landi, sem mældar voru 30. september. Þá var mælt hver hæð væri frá jörðu beint undir mælistað. Nú voru þessir punktar á landinu hæðarmældir innbyrðis. Þá var og mæld fjarlægðin frá skurðpunkti heimtaugar og símalínu (punkti b) að þeim stað, þar sem heimtaugin er sett saman. Mælingar hafa verið færðar inn á afstöðumyndina. Þá voru teknar nokkrar ljósmyndir til viðbótar og vísast í greinargerð með þeim.

Skal nú gerð frekari grein fyrir útreikningum og niðurstöðum mælinga:

Fyrir liggur fylgiskjal nr. 9, sem er tafla sú, sem verkstjórum Póst- og símamálastjórnar bar að fara eftir við lagningu símalína. Sýnir hún hvaða sig á að samsvara hverju staurabili og hitastigi.

Við þau skilyrði, sem voru 30. september 1979: Hiti 10 stig, staurabil 44,3 m, þá hefði sigið, það er að segja mesta sidd símalínu fyrir neðan beina hugsaða línu milli staura, átt að vera 37 cm.

Ekki var mæld hæð í staur merktur f á uppdrætti, en hann mun vera af sömu gerð og staur merktur d. Því hefur verið gengið út frá að hæð þar hafi verið sú sama yfir landi og mæld var í staur d. Út frá þessari forsendu, og mældum hæðum og fjarlægðum, þá má reikna út, að hæð símalínu í punkti d hafi verið 5,72 m. Þetta er mesta hæð, sem hún hefur náð, nýbyggð. Gera má ráð fyrir, að með aldri hafi tognað á járnvirnum í línunni, og þá hafi sigið aukizt.

Ekki er venja, að nota sigtöflur við lagningu heimtauga RARIK. Það er því í rauninni ágizkun ein, þegar út er reiknað, ef sömu sigtöflur hefðu verið notaðar við lagningu heimtaugar, að þá hefði hæð hennar í punkti b verið 6,70 m.

Nú var eins og áður var um getið, mæld hæð heimtaugar, með slitnu stagi 5,43 m í punkti b. Þegar starfsmenn RARIK höfðu sett bráðabirgðastag, mældist hæðin 6,40 m. Hér er rétt að benda á, að hæð þessi er afar fljót að breytast eftir því hvort stagið er strekkt millimeter meira eða minna, og þarf því að taka þessa mælingu með varúð.

Sjá fylgiskjal nr. 10.

Þá þarf einnig að benda á eftirfarandi: Svo er að sjá, sem heimtaugin í Kirkjulæk II (nr. 310 í uppdrætti RARIK) hafi einhverntíman slitnað, nærri staur a. Virðist nýr, ber vír hafa verið notaður til að tengja frá endum heimtaugar, sem úr húsinu kom, yfir í staur a. Vír frá þessum samskeytum yfir í hús, hinn upprunalegi heimtaugavír, er væntanlega svonefndur „Hackethal“ vír, einangraður vír. Hann er orðinn æði gamall og einangrunin á honum öll trosnuð og veðruð af. Sér í lagi má benda á, að á þeim stað, þar sem heimtaug snerti símalínuna, punktur b, þar er eitthvert smá kusk af einangrun hangandi í heimtauginni, ekki nein samfelld einangrun.

Einnig verður getið hér nokkurra atriða, sem síðar var aflað upplýsinga um.

Af fulltrúa Pósts og síma, Bergþór Halldóssyni, var upplýst, að upprunalega var sími lagður í Fljótshlíðina fyrir stríð en heimtaugar í Kirkjulæk I og II árið 1955, að núverandi jarðlínuheimtaugar voru lagðar 1977 og teknar í notkun 1978.

Af fulltrúa Pósts og síma, Bergþór Halldórssyni, var upplýst, að uppstaur að Kirkjulæk II væri 27,6 m, en gefin upp 25 m á kortum, fylgiskjöl nr. 4 og 5. Var þetta síðar staðfest með mælingu.

Á staðnum var rætt við Eggert Pálsson, bónda að Kirkjulæk II. Kom fram í því samtali, að hann taldi að stag, tilgreint í matsbeiðni, hafi verið heilt s.l. haust en sennilega ekki í vor. Ekki minntist Eggert þess, að hafa tilkynnt RARIK um stagið né gat hann minnst þess, að starfsmenn RARIK hefðu verið á ferð nýlega fyrir brunann. Eggert gat þess, að hann hefði sótt um þrífasa heimtaug og aukið afl, jafnframt því að biðja um jarðstrengsinntak. RARIK, Þorsteinn Árnason og Jóhann Kjartansson, könnuðust við, að þessi umsókn lægi óafgreidd hjá RARIK, Hvolsvelli.

Skoðun á veitu nr. 310, fylgiskjal nr. 6, undirritað af Sigmundi Þórisssyni og Árna Guðmundssyni, eftirlitsmönnum RER, fengið hjá RER, Jóni Gamalielssyni, getur þess ekki, að stag sé slitnið þá.

Eggert Pálsson bóndi var inntur eftir því aftur hinn 13. október, hvenær hann héldi að stagið hafi slitnað. Ekki mundi hann það, en hélt þó, að þegar hann bar haug á tún snemma í vor, eða síðla vetrar, þá hafi stagið verið heilt. En þegar hann hóf slátt í júlí hafi það verið slitnið. Svo háttar til, að stagið er rétt við hlið á girðingu um hluta túnsins, og verður varla ekið inn á túnið án þess að verða stagsins var.

Samkvæmt samtölum við starfsmenn RARIK þá er nokkuð algengt, að stög slitni. Helstu orsakir virðast tvær: Hestar eða vélar nuddast utan í stögin þegar jörð er frosin, og hrekkur þá stagteinn þar sem hann kemur upp úr frosinni jörðinni. Hin orsökina er, að sláttuþyrlur höggva teinana í sundur, ef of nærri er farið. Við tókum myndir, bæði af teinendanum

í punkti g, og líka af teinenda á bæ í grenndinni. Þar skýrði bóndinn okkur frá því, að hann hafi slegið stagteininn sundur með sláttuþyrilu. Hann gat þess einnig, að við þetta hafi blóðin í þyrlunni eyðilagst, og að slíkt færi ekki fram hjá þeim er fyrir yrði. Á teininum, sem þyrlan tók í sundur, eru greinilega mörg för eftir blóðin. Á teini við Kirkjulæk eru ekki slík för. Okkur virðist því ekki geti verið um að ræða, að sláttuþyrila hafi brotið stagið á Kirkjulæk.

Baldur Helgason, RARIK, upplýsti, að heimtaug að Kirkjulæk II hafði verið lögð 15.11. 1962. Vir væri sennilega „Hacketal“, en nákvæman líftíma einangrunar hans þekkti hann ekki. Kerfið hefði verið skoðað 05.06. 1975 og hefði þá ekki verið gerð athugasemd um samsetningu á heimtaug né að einangrun væri veðruð.

Samantekt.

Hér skal stuttlega tekið saman það helzta í framanrituðu í sömu tölusettu röð og kemur fram í matsbeiðni og því svarað, sem ekki er áður vikið að.

Áður skal þó getið eftirfarandi:

Þar sem lágspennulína þverar yfir símalínuna skal gera eina af þrem ráðstöfunum, sem um getur í § 315, k) í reglugerð RER. Er beitt vörn skv. undirlið 2.12 er segir svo:

Önnur hvor lína sé gerð úr margþættum vir með traustri, veðurþolinni einangrun á öllu þverunarhafinu. Virar lágspennulínunnar mega ekki vera með samskeytum eða greiningu og skulu bundnir innanvert eða afspenntir á trausta einangrara, sem festir eru með gegnsettum boltum eða klöfum við þverunarstaurana. Þverunarhaf lágspennulínunnar sé ekki yfir 30 m, og lóðrétt bil milli síma og lágspennuvíra má ekki vera minna en 0,7 m + 4% af fjarlægðinni frá þverunarstaðnum til næsta festipunkts lágspennulínunnar. Hina einangruðu línu skal endurnýja svo oft, sem einangrun hennar gerir það nauðsynlegt.

1. Fyrirkomulagi síma- og raflína að Kirkjulæk I og II er gerð skil á teikningum, fylgiskjöl nr. 4 og 5, með innfærðum mælingum og almennri lýsingu hér að framan.
2. Vikið er að möguleikum á stagsliti, en ekki er hægt að sanna neitt eða fullyrða í þeim efnum. Telja verður líklegt, samanber framanritað, að stag hafi slitnað við, að hross eða landbúnaðartæki hafi þrýst á stagið í frostveðri og að það hafi brotnað við það við jörðu.
3. Samkvæmt útreikningum og mælingum, þá hefur mesta hæð nýrrar símalínu verið 5,72 m, í skurðpunktinum. Útreiknuð hæð heimtaugar hefur verið 6,70 m, og er það væntanlega einnig mesta hæð hennar. Yfirleitt mun venja, að heimtaugar séu hafðar slakari en línurnar sjálfar. Ligga ýmsar ástæður að baki því, svo sem minni áreynsla á festingar

í húsgafla, og minni hvinur í vírum, ef þeir eru slakari.

Á hinn bóginn, þá virðist sú hæð, sem mæld var með bráðabirgðastaginu, 6,40 m, vera nærri því, sem eðlilegt er, að hafi verið á heimtauginni a.m.k. eftir að viðgerð sú, sem merkja má á samskeytum, fór fram. Millibil milli lagnanna útreiknast þá 68 cm. Hér þarf þó að hafa vissa fyrirvara: Hæð sú, sem reiknuð var á símalínu, er miðuð við nýja línu. Með aldrinum sigur línan. Og á hinn bóginn, þá er hæð heimtaugar afar fljót að breytast eftir strekki á stagi. Þessi 68 cm. munur uppfyllir ekki ákvæði í § 315, k) 2.12. Samkvæmt þeirri grein hefði hæðarmunur átt að vera $70 + 4 = 74$ cm. Hér er þó um að ræða svo lítið frávík, og ónákvæmni á mælingum það mikil, að okkur sýnist allt benda til, að millibilið hafi verið 74 cm þegar heimtaug var lögð, 7 árum eftir, að símalínan var lögð.

4. Ekki verða færð nein rök að því að uppsetningu staura og lína hafi verið háttáð öðru vísi en almennt er og ekki verður talið að af frágangi þessa hafi fylgt sérstök og/eða mikil slysa- eða tjónahætta fyrir menn, skepnur og eignir. Hjá því verður hins vegar ekki komið að benda sérstaklega á síðustu setningu tilvitnaðrar reglugerðargreinar varðandi endurnýjun hinnar einangrandi línu.
5. Telja verður nær óyggjandi, eins og fram kemur í lögregluskýrslu, fylgiskjal nr. 2, að íkviknun hafi orðið vegna þess, að loftlínusímaheimtaug að Kirkjulæk I varð spennuhafa, þar eð loftlínuafmagnsheimtaug að Kirkjulæk II lagðist á hana. Það megi svo aftur rekja til þess, að stag í rafmangslínu hafi verið slitið. Hve lengi og hve viðvarandi þetta ástand, þ. e. að símalínan var spennuhafa, hefur varað, verður ekki full- yrt né heldur, hvað gerði aðstæður nú slíkar, að í kviknaði.“

Í málinu hafa komið fram skoðunarskýrslur Rafmagnseftirlits ríkisins um húsveitur að Kirkjulæk II frá 12. maí 1976 og Kirkjulæk I frá 17. maí 1976, en ekki er þar getið skoðunar á heimtaugum. Þykir ekki ástæða til að rekja skýrslur þessar.

Hinn 26. febrúar sl. ritaði lögmaður stefnanda Rafmagnsveitum ríkisins og óskaði svara við eftirfarandi spurningum varðandi slit á heimtaug að Kirkjulæk II og lagninu jarðstrengs að húsinu:

- „1. Hvenær nákvæmlega slitnaði nefnd heimtaug (loftlína)?
2. Hvenær var sú bilun tilkynnt?
3. Hvenær var gert við bilunina og hver sá um og/eða annaðist þá viðgerð?
4. Hvenær leysti jarðstrengur heimtaugina af hólmi?
5. Hver bað um, að það væri gert?
6. Hvenær var greitt fyrir það verk?“

Í bréfi stofnunarinnar frá 27. apríl sl. er spurningunum svarað þannig:

- „1-3. Samkvæmt upplýsingum starfsmanna á Hvolsvelli hefur viðgerð sú sem framkvæmd var á loftlínu að Kirkjulæk II ekki verið skráð í bækur. Að sögn Jóhanns Kjartanssonar, verkstjóra, er líklegt að viðgerð á heimlínunni hafi verið einföld og fljótleg, en hann mundi þó ekki eftir henni.
4. Þann 8. febrúar 1980 slitnaði heimlínan aftur. Var þá fyrir nokkru, eða í október 1979 búið að leggja jarðstreng heim að húsinu en hann ekki tengdur við húsveituna þar sem innanhússtofn vantaði. Þetta tilefni var notað og Einar Sigurbórsson, rafvirkir í Háamúla, sá er unnið hefur mest fyrir bóndann, fenginn til að leggja stofnlögnina. Var loftlínan fjarlægð á sama tíma.
5. Eins og svar við lið 4 ber með sér var heimtaugin lögð haustið 1979 eftir að heimtaugarumsókn hafði borist frá eiganda hússins.
6. 15. desember 1978 telst heimtaugarreikningur greiddur samkvæmt bókhaldi.“

Matsmennirnir Guðmundur K. Steinbach og Sigurður G. Halldórsson hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína. Leiðréttu þeir þá, að hæðarmunur á rafmagnssímaheimtaug að Kirkjulæk II og símaheimtaug að Kirkjulæk I hefði átt að vera 110 cm í stað 74 cm, eins og fram kemur í 3. lið í niðurstöðum matsgerðarinnar. Þá lýstu matsmennirnir þeirri skoðun sinni, að leikmenn hefðu ekki unnið að tengingu rafmagnsheimtaugarinnar að Kirkjulæk II, er hún hafi slitnað, svo sem greint er frá í matsgerðinni.

Hér fyrir dómi hefur Eggert Pálsson, sem býr að Kirkjulæk II, skýrt svo frá, að íbúðarhúsið hafi verið reist 1955. Hann kveður storm hafa slitið rafmagnsheimtaugina að minnsta kosti tveimur árum áður en bruninn varð. Hafi það verið tilkynnt Rafmagnsveitum ríkisins samstundis. Viðgerðarmenn hafi komið frá Hvolsvelli innan hálf tíma og gert við heimtaugina. Þeir hafi komið að kvöldi til og hafi hann verið í fjósinu að mjólka. Geti hann því ekki borið um, hvaða menn þetta voru. Eggert kveður stagið, sem slitnaði, hafa verið á staur við girdinguna við veginn heim að Kirkjulækjarbæjunum. Hafi stagið verið inni á túninu, en þar sé ekki umferð, nema þegar túnið er unnið. Kveðst hann ekki hafa verið öruggur með það, sem hann sagði við matsmennina, er þeir komu og gerðu athuganir sínar, en hann ber það nú eftir bestu sannfæringu sinni, að hann hafi ekki veitt því athygli, að stagið var slitið, fyrr en daginn sem bruninn varð. Kveðst hann ekki hafa verið heima, þegar bruninn varð, og hafi verið búið að slökkva eldinn, þegar hann kom heim. Hafi hann þá ásamt öðrum gengið meðfram línunni og hafi þeir þá tekið eftir, að stagið var farið. Kveður hann ekki hafa verið búið að tilkynna Rafmagnsveitum ríkisins slitið á stag-

inu. Eggert kveðst hafa verið búinn að biðja Rafmagnsveitur ríkisins að færa rafmagnsheimtaugina að Kirkjulæk II í jörð og hafi hann verið búinn að greiða fyrir það verk hinn 28. nóvember 1978, en verkið hafi ekki verið unnið fyrr en í nóvember 1979.

Krafa stefnanda er byggð á því, að orsök brunans að Kirkjulæk I hafi verið sú, að samsláttur á rafmagnsloftlínuheimtaug að Kirkjulæk II og símaloftlínu að húsinu að Kirkjulæk I hafi valdið íkviknun í húsinu. Sé þetta staðfest með matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, en þeir telji nær óyggjandi, að íkviknunin hafi orðið vegna þess, að símaloftlínan að Kirkjulæk I hafi orðið spennuhafa, er rafmagnsloftlínan að Kirkjulæk II lagðist á hana, en það megí rekja til þess, að stag á staur rafmagnslínunnar hafi slitnað. Er því haldið fram, að brunann megí rekja til skorts á endurnýjun, viðhaldi og eftirliti með rafmagnsheimtauginni og þeim umbúnaði, sem henni tilheyrir. Hafi í því efni verið brotið gróflega gegn almennum varúðarreglum svo og beinum reglum og fyrirmælum reglugerðar um raforkuvirki nr. 264 frá 1971, gr. 310-315, sbr. ákvæði 7. gr. laga nr. 60/1979. Séu atriði þau, sem máli skipta, rakin í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Í fyrsta lagi sé um það að ræða, að stag á staur, sem hélt uppi rafmagnsheimtauginni að Kirkjulæk II, er lá þvert yfir símalínuna að Kirkjulæk I, hafi verið slitið. Við það hafi myndast slaki á heimtauginni, sem hafi valdið því, að hún lagðist á símalínuna. Hafi komið í ljós, að teinn, sem festi stagið í jörð, hafi verið brotinn, Ekki sé vitað, hvernig teinninn hafi brotnað. Vitað sé, að stög geti slitnað og því sé þörf á auknu eftirliti með þeim. Einnig sé álitamál, hvort frágangur sem þessi sé fullnægjandi, þar sem vitað er, að skepnur gangi og farið sé um með vélar. Hins vegar hefði þetta atriði ekki skipt máli, ef annar umbúnaður rafmagnslínunnar hefði verið forsvaranlegur. Þannig hafi komið í ljós, að heimtaugin hafi einhvern tíma slitnað og hafi þá einfaldur og óeinangraður vír verið notaður til að tengja heimtaugina. Þessa tenginu hafi starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins unnið. Þessi frágangur sé ólöglegur og fyrirsjáanlega mjög hættulegur. Auk þess sé á það að líta, að alllangt hafi verið frá því verk þetta var unnið og því hafi starfsmenn þeirra opinberu stofnana sem aðild eiga að máli þessu, átt að vera búnir að sjá þennan umbúnað og bæta úr honum.

Þá er því haldið fram, að hinn hluti heimtaugarvirsins hafi verið orðinn mjög gamall og einangrun á honum öll trosnuð og veðruð af honum. Hafi þetta verið afdrifarikt, er heimtaugin lagðist á símalínuna. Sé ljóst, að það taki langan tíma, að einangrun veðrist svo gjörsamlega af vír sem þarna var. Þetta ástand hafi starfsmenn stofnananna átt að vera búnir að sjá fyrir löngu og bæta úr því. Ástand eins og þetta sjái menn með sérþekkingu á þessu sviði strax, en ekki sé við því að búast, að ófróðir menn á þessu

sviði geri sér grein fyrir því. Þá sé fram komið, að hæðarbil milli símalínu og heimtaugar hafi verið of lítið í upphafi. Bilið hafi mælst 68 cm, en hafi átt að vera 110 cm. Telji stefnandi ljóst, að um hafi verið að ræða verulega vanrækslu og gáleysi af hálfu þeirra opinberu stofnana, sem hér eiga hlut að máli, og starfsmanna þeirra, sem rækja eftirlits- og viðhaldsskyldur í umboði þeirra. Stofnanir þessar virðast einkum vera Rafmagnsveitur ríkisins, sbr. IX. kafla laga nr. 58 frá 1967, og Rafmagnseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 60 frá 1979, en sú stofnun ræki af hálfu ríkisins eftirlit með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum, sbr. 1. gr. laganna. Byggist bótaábyrgð þessara stofnana, sem starfi á ábyrgð ríkisvaldsins, einnig á ákvæðum 36. og 37. gr. orkulaga nr. 58 frá 1967, sbr. nú ákvæði 4. og 5. gr. laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins. Þar sem fullnægt sé skilýrðum um bótaábyrgð stofnana þessara, sé einsætt, að stefnandi eigi endurkröfurétt á hendur þeim samkvæmt upphafsákvæði 1. mgr. 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20 frá 1954. Fjárhæð dómkröfu stefnanda byggist á uppgjöri tjónbóta við tryggingartaka og hafi ekki sætt andmælu. Beri því að leggja fjárhæðina til grundvallar óbreytta.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að ekki hafi stofnast nein fébótaábyrgð á hendur ríkissjóði eða stofnunum, sem hann ber ábyrgð á, við eldsvoða þann, sem atvik málsins eru risin af. Hafi Rafmagnseftirlit ríkisins og Rafmagnsveitur ríkisins í einu og öllu fullnægt lagaskyldum sínum. Orsakir eldsvoðans verði hins vegar raktar beint til vanrækslu og gáleysis heimamanna á Kirkjulækjarbæjunum, váttryggingartaka og þeirra, sem komu í stað þeirra.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna komi fram, að engin rök verði færð fyrir því, að uppsetning staura og lina hafi þarna verið háttað öðruvísi en almennt gerist og hafi ekki fylgt frágangi þessum sérsök eða mikil slysa- og tjónhætta fyrir menn, skepnur og eignir. Komi fram í matsgerðinni, að stagteinn í jörðu hafi brotnað og stag slitnað á staur, sem hélt uppi rafmagnsheimtauginni að Kirkjulæk II, sem þveraði símalínuna að Kirkjulæk I. Í matsgerðinni sé getið helstu orsaka þess, að stög slitni. Ekki hafi verið leitt í ljós, hvenær stagið hafi slitnað, þótt það að öllum líkindum hafi ekki verið síðar en í júlí 1979 samkvæmt því, sem fram sé komið um það atriði. Ljóst sé, að heimilisfólkið á Kirkjulækjarbæjunum hafi orðið vart við, að stagið hafði gefið sig, og hafi því borið að tilkynna það Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnseftirliti ríkisins, enda verði að lita svo á, að á heimilisfólki hvíli sú skylda að tilkynna skemmdir, sem verða á raforkuvirkjum, hvort sem þær verði af mannavöldum eða af öðrum ástæðum. Ekkert bendi til, að starfsmenn stofnana þessara hafi verið látnir vita um þessa bilun. Eðli málsins samkvæmt geti eftirlit þessara stofnana með einstökum raforkuvirkjum ekki verið svo mikið, að það leysi notendur

þeirra undan þeirri skyldu að tilkynna tafarlaust bilanir og skemmdir, sem verða á þeim. Því sé ljóst, að vanræksla og gáleysi notenda sé svo stórkostlegt, að þeir hljóti að bera alla ábyrgð á tjóni sínu.

Þá er því haldið fram, að ósannað sé, að starfsmenn greindra stofnana hafi unnið við að tengja saman rafmagnsheimtaugina að Kirkjulæk II, er hún hafi slitnað, en raunar sé ekki upplýst, hvernær það hafi gerst. Svo sem fram komi í matsgerðinni, hafi kerfið verið skoðað af starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins hinn 5. júní 1975 og hafi þá ekki verið gerð nein athugasemd um samsetningu á heimtauginni. Af ummerkjum að dæma megi telja líklegt, að heimtaugin sé ekki sett saman af fagmönnum, hvorki starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins né Rafmagnseftirlits ríkisins. Heimamenn á Kirkjulækjarbæjunum hafi heldur ekki tilkynnt starfsmönnum stofnananna um þessa bilun, þótt þeim bæri ótvíræð skylda til þess. Bendi því allt til, að þarna hafi leikmenn komið við sögu. Kunni að vera, að tenging þessi hafi átt að vera til bráðabirgða, þar til starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins yrðu fengnir til að gera við bilunina, en það hafi aldrei gerst. Af þessum ástæðum beri starfsmenn stofnananna enga ábyrgð á þessum ólöglega og hættulega frágangi.

Þá er því haldið fram varðandi það atriði í matsgerðinni, að heimtaugarvírinn hafi verið orðinn gamall og einangrun hans trosnuð og veðruð, að erfitt sé og raunar ógerlegt að sjá slíka veðrun tilskýndar. Sé ekki hægt að ætlast til þess, að opinberir eftirlitsmenn geti fylgst með ástandi hvers línubúts í raflínukerfi landsins frá ári til árs, enda sé engin lagaskylda til þess. Það sé starfsvenja að reglubundnar skoðunarferðir séu farnar á fimm ára fresti. Er starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins hafi skoðað línukerfið fjórum árum áður, hinn 5. júní 1975, hafi ekki verið minnst á, að einangrun heimtaugarvírs væri veðruð eða trosnuð. Í skoðunargerð Rafmagnseftirlits ríkisins frá 12. maí 1976 sé heldur ekki minnst á slit né ófullnægjandi ástand heimtaugarinnar. Því sé ekki hægt að leggja bótaábyrgð á stefndu vegna ástands heimtaugarvírsins, enda liggi ekkert fyrir um, að orsök eldsvoðans sé þar að finna. Í því sambandi er bent á, að í skýrslu Jóns Gamalíelssonar, deildartæknifræðings Rafmagnsveitna ríkisins, komi fram, að íkvikun hafi getað orðið út frá rafstraumi frá símalínu til jarðar, ef einangrun símainntaks eða innanhúslagna hafi ekki þolað spennuhækkun. Það hafi hins vegar ekki verið leitt í ljós.

Þá er því haldið fram, að ekki verði byggt á því atriði í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, að hæðarbil milli rafmagnsheimtaugar og símalínu hafi verið of lítið í upphafi. Athugun matsmanna á því atriði fylgi allt of margir fyrirvarar til þess, að unnt sé að leggja þann þátt matsgerðarinnar til grundvallar í málinu.

Er því haldið fram samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, að allt

bendi til þess, að orsök eldsvoðans verði rakinn til þess, að stag slitnaði á staur á rafmagnslinunni heim að Kirkjulæk II, svo sem rakið sé í matsgerðinni, og þess stórkostlega gáleysis Kirkjulækjarmanna að tilkynna það ekki réttum aðiljum.

Af hálfu stefndu er bent á, að í stefnu sé vikið að því, að rekja megi orsök eldsvoðans til þeirra meintrar vanrækslu starfsmanna Póst- og síma-málastjórnarinnar, að taka niður loftlínuheimtaug síma, sem ekkert notagildi hafi haft, en búið hafi verið að tengja húsið, sem brann, við jarðstrengs-símakerfi fyrir Kirkjulækjarbæina og hafi það verið í notkun árið 1978. Hins vegar sé endurgreiðslukröfu stefnanda ekki beint gegn Póst- og síma-málastjórninni.

Því er haldið fram varðandi hugsanlega ábyrgð Rafmagnseftirlits ríkisins, að stofnuninni sé fyrst og fremst ætlað að hafa eins konar yfireftirlit með raforkuvirkjum sbr. ákvæði 121. gr. reglugerðar um raforkuvirki nr. 264 frá 1971, og verði að skoða ákvæði 1. gr. laga nr. 60. frá 1979 með hliðsjón af því, sbr. og ákvæði 7. gr. laganna. Í því felist, að nánara og reglubundið eftirlit með raforkuvirkjum sé í höndum eigenda þeirra og umráðamanna. Megi einnig í því sambandi benda á niðurlagsákvæði 114. gr. greindrar reglugerðar, þar sem kveðið sé á um, að stofnunin beri enga ábyrgð á raforkuvirkjum, þótt þau hafi verið skoðuð, leyfð eða viðurkennd, heldur beri eigendur þeirra fulla ábyrgð á þeim eftir sem áður.

Þá er af hálfu stefnu vísað til ákvæða 128. gr. reglugerðar um raforkuvirki, að því er varðar skaðabótaskyldu stofnananna. Þar sé ábyrgð rafveitustjórna og eigenda rafveitufyrirtækja takmörkuð á þann veg, að þessir aðilar verði ekki skaðabótskyldir vegna skemmda, er kunna að verða á raforkuvirkjum, sem eru ekki þeirra eign, eða tjóns, sem þau kunna að valda, nema það verði rakið til rangra aðgerða eða vanrækslu af hálfu rafveitufyrirtækjanna.

Á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið, er því mótmælt, að stefnandi eigi endurkröfurétt á hendur stefndu skv. ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Varakrafa stefndu er byggð á því, að ef talið verði, að um vangá hafi verið að ræða hjá starfsmönnum framangreindra stofnana, þá verði hún ekki talin stórkostleg. Megi því beita niðurlagsákvæði 1. mgr. 25 gr. laga nr. 20/1954.

Álit dómsins.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins er stofnuninni ætlað að efla almennt öryggi við meðferð raforkuvirkja. Telja verður, að ábyrgð á raforkuvirkjum eins og þeim, sem fjallað er um í máli þessu, beri fyrst og fremst stjórnendur og starfsmenn rafveitna svo og eig-

endur, umráðamenn og notendur þeirra, sbr. f, g og h liði 7. gr. greindra laga. Verður ekki talið, að atvik máls þessa séu með þeim hætti, að þau baki Rafmagnseftirliti ríkisins skaðabótaábyrgð.

Það er niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna að nær óyggjandi sé, að íkvikninin í húsinu að Kirkjulæk I hafi orðið vegna þess, að símaloft-línuheimtaug að húsinu varð spennuhafa, er loftlínurafmagnsheimtaug að Kirkjulæk II lagðist á hana. Hafa ekki verið færð sennileg rök að því, að eldsupptök verði rakin til annarra orsaka:

Það verður vart gerð sú krafa til Rafmagnsveiina ríkisins, að eftirlit starfsmanna stofnunarinnar með raforkuvirkjum, sem stofnunin hefur undir sinni stjórn, sé með þeim hætti, að þeir geti þegar í stað vitað um bilanir, sem verða. Verður að gera þá kröfu á hendur notendum raforkuvirkja, að þeir geri starfsmönnum stofnunarinnar viðvart, eftir því sem þekking þeirra nær til, er þeir verða varir við breytingar á ástandi raforkuvirkja eða umbúnaði þeirra.

Það er ekki annað fram komið en að umbúnaður við rafmagnsstaur þann, sem athygli matsmanna hefur sérstaklega beinst að, hafi í upphafi verið í samræmi við reglur, sem þá voru í gildi. Það er ósannað, að stagteinninn við staurinn hafi brotnað svo löngu áður en bruninn varð, að starfsmenn stofnunarinnar hafi átt að verða varir við það miðað við eðlilegt eftirlit með línunni. Hefur ekki komið fram, að heimamenn hafi verið búnir að tilkynna stofnuninni þessa bilun. Verður starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins því ekki gefin sök á því þótt stagteinninn væri brotinn og við það hafi staurinn hallast og rafmagnsheimtaugin að Kirkjulæk II sigið.

Samkvæmt því, sem fram kemur í matsgerðinni, hefur rafmagnsheimtaugin að Kirkjulæk II verið úr einangruðum vír, en eins og einnig er rakið í matsgerðinni, hefur heimtaugin verið skeytt þar saman.

Eggert Pálsson hefur skýrt frá því, að rafmagnsheimtaugin hafi slitnað á þessum kafla að minnsta kosti tveimur árum áður en bruninn varð og hafi hann tilkynnt það starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins á Hvolsvelli. Þeir hafi brugðist skjótt við og gert við bilunina. Hafa matsmenn gert grein fyrir þessari viðgerð á heimtauginni í matsgerð sinni. Hafa þeir lýst þeirri skoðun sinni hér fyrir dómi, að viðgerð þessi hafi ekki verið unnin af ófaglærðum mönnum. Pykja því ekki efni til annars en að leggja til grundvallar frásögn Eggerts um bilunina og viðgerð á henni. Viðgerð sem þessi fullnægði ekki kröfum, sem gerðar eru til frágangs á heimtaugum við þær aðstæður, sem þarna voru, og gat aðeins verið neyðarúrræði til bráðabirgða. Hlutu þeir, sem unnu að viðgerð þessari, jafnframt að verða varir við, hvernig frágangi heimtaugarinnar var háttað á þessum kafla að öðru leyti. Það virðist svo sem skilyrðum um þverun rafmagnsheimtaugarinnar yfir símaheimtaugina að Kirkjulæk I hafi í upphafi átt að fullnægja með

því að hafa rafmagnsheimtaugina úr einangruðum vír. Fundu matsmenn leifar af einangrun á þeim hluta hennar, sem eftir var, er framangreind bráðabirgðaviðgerð var unnin. Tæring á einangrun í þeim mæli, sem þarna hefur orðið, gerist á löngum tíma. Hefðu starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins átt að verða varir við hana við eftirlit með raforkuvirkjum Kirkjulækjarbæjanna og þá einnig, er þeir unnu að viðgerð á rafmagnsheimtauginni að Kirkjulæk II, sem áður er gerð grein fyrir. Með hliðsjón af þessu og því, sem fram kemur hjá matsmönnum um þetta efni, þykir heimamönnum á Kirkjulækjarbæjum ekki verða gefið að sök að hafa ekki gert sér grein fyrir tæringu einangrunarinnar og afleiðingum hennar.

Samkvæmt því, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, verða orsakir eldsvoðans að Kirkjulæk I og brunatjón það, sem varð, rakið til skorts á eftirliti og viðhaldi starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins á rafmagnsheimtauginni að Kirkjulæk II, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins, sbr. áður 37. gr. laga nr. 58/1967. Var því fyrir hendi skaðabótaábyrgð Rafmagnsveitna ríkisins gagnvart eigendum hússins að Kirkjulæk I og innbúi. Stefnandi hafði selt brunatryggingu til tryggingar hagsmunum þessum. Bætti stefnandi tjónið, svo sem áður er rakið, með kr. 7.149.075 (6.149.075 + 1.000.000) en kostnaður við tjónuppgjör nam kr. 5.000. Öðlaðist stefnandi með því rétt tjónþola á hendur þeim er skaðabótaskyldu kynni að bera vegna brunans, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Samkvæmt ákvæðum 55. gr. orkulaga nr. 58/1967 á ríkið Rafmagnsveitur ríkisins, og skv. 1. og 2. mgr. 57. gr. laganna skipar ráðherra fasta starfsmenn stofnunarinnar, sem stjórna rekstri hennar. Verður því að leggja til grundvallar, að ráðherra sá, er fer með umsjón stofnunarinnar, sé réttur fyrirsvarsðili fyrir stofnunina í máli þessu ásamt fjármálaráðherra í fyrirsvari fyrir ríkissjóð. Þar sem ábyrgð Rafmagnsveitna ríkisins byggist á gáleysi starfsmanna stofnunarinnar, þykir eftir atvikum rétt að beita niðurlagsákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um lækkun skaðabótaábyrgðar. Þykir hæfilegt, að tjónið verði bætt stefnanda með kr. 5.700.000, en skv. breyttu verðgildi íslensks gjaldmiðils skv. lögum nr. 56/1979 nemur sú fjárhæð nú kr. 57.000.00. Verða stefndu því dæmdir til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, sem ákveðast 27% ársvextir frá 11. október 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 6. nóvember s.á., 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvextir frá þeim degi til 2. júlí s.á., en dómvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður iðnaðarráðherra f.h. Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðist kr. 19.100.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Gunnari Ámundasyni og Jóhanni Indriðasyni rafmagnsverk-fræðingum.

D ó m s o r ð:

Stefndi iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Samvinnutrygginga g/t, í máli þessu. Máls-kostnaður milli þeirra fellur niður.

Stefndu iðnaðarráðherra vegna Rafmagnsveitna ríkisins og fjár-málaráðherra f.h. ríkissjóðs greiði stefnanda, Samvinnutryggingum g/t, kr. 57.000.00 með 27% ársvöxtum frá 11. október 1979 til 1. des-ember s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 6. nóvember s.á., með 46% ársvöxt-um frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní s.á. og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 19.100.00 í máls-kostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. mars 1984.

Nr. 31/1984. **Ríkissaksóknari**

gegn

**Ármani Kristinssyni sakadómara og
Sigþóri Pétri Svavarssyni**

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 13. febrúar 1984, en þann dag fékk hann vitneskju um frávís-unardóminn. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 17. s.m. Ríkissak-sóknari krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og